til laga um útflutningsgjald af síld.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Af verði þeirrar verkaðrar síldar, sem seld er til útlanda, skal greiða $1^1/_2$ % gjald, er greiðist í ríkissjóð.

2. gr.

Um innheimtu þess gjalds, sem ræðir um í 1. gr., og skyldur útflytjanda fer eftir lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald, 2.—10. gr., að því er við á.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numið orðið »síld« í 1. gr. laga nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald. Svo og orðin: »af hverri síldartunnu 108—120 lítra skal greiða í ríkissjóð kr. 1,50« í 1. gr. laga nr. 15, 14. júní 1929, um breyting á lögum nr, 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, ber nú að greiða í ríkissjóð kr. 1,50 af hverri tunnu verkaðrar síldar, sem flutt er úr landi. Er þetta útflutningsgjald meira en þrefalt hærra en af fiski, kjöti og öðrum framleiðslunvörum landsmanna. Hafa síldarútflytjendur nálega á hverju þingi farið þess á leit, að þetta ósanngjarna útflutningsgjald yrði lækkað í samræmi við útflutningsgjald af öðrum afurðum, en venjuleg mótbára gegn lækkun á þessu útflutningsgjaldi hefir verið sú, að útlendingar fengust svo mikið við síldarútveg hér á landi, að þeir greiddu útflutningsgjaldið af síldinni að mestu, og til þess væru þeir ekki of góðir. Þó þessi rök hafi ef til vill getað átt við meðan síldveiðin var að mestu í höndum útlendinga, geta þau alls ekki gilt nú orðið, eftir að síldveiði, síldarverkun og sala síldarinnar er algerlega komin í hendur innlendra manna. Það virðist því fyllilega kominn tími til að létta af hinum rangláta skatti, sem nú hvilir á síldarútvegi landsmanna, og samræma hann við útflutningsgjald af öðrum útfluttum afurðum.